



JÁ, ÞAÐ ER GOTT AÐ LESA

Læsisstefna Grafarholts og Úlfarsárdals



Læsisstefna Grafarholts og Úlfarsárdals

JÁ, ÞAÐ ER GOTT AÐ LESA!



Leik- og grunnskólar ásamt frístundaheimilum í Grafarholti og Úlfarsárdal fengu styrk fyrir verkefni sem kallaðist „Já, það er gott að lesa“ skólaárin 2017–2019.

Grafarholt og Úlfarsárdalur er vel afmarkað hverfi í útjaðri Reykjavíkur, nokkurs konar sveit í borg, og þekkist fólk ágætlega fyrir. Það lá því vel við að sækja um styrk til að vinna saman.

Markmið verkefnisins voru:

- að efla málþroska, læsi og lesskilning hjá börnunum í Grafarholti og Úlfarsárdal
- að efla faglega þekkingu kennara í leik- og grunnskólum á lestrarfræðum og raunprófuðum aðferðum í lestrarkennslu
- að efla þekkingu alls starfsfólks á raunprófuðum aðferðum varðandi málþroska og læsi
- að stilla saman notkun á skimunum varðandi málþroska og læsi
- að efla sérþekkingu sérkennara grunnskólanna og sérkennslustjóra leikskólanna og búa þeim vettvang fyrir samvinnu
- að auka samvinnu við frístundaheimilin í hverfinu og nýta tækifærin sem þar gefast til lesturs og eflingar á málþroska barnanna
- að fá foreldrasamfélagið með í verkefnið og fá foreldrum verkfæri í hendur til að þjálfra málþroska og læsi barnanna
- að læra saman og hvert af öðru í hverfinu og vinna saman að samstarfsáætlunum um mál og læsi

Verkefnið reyndist nokkuð flókið í framkvæmd þar sem um marga ólíka starfsstaði var að ræða. Steinunn Torfadóttir, lektor við Menntavísindasvið HÍ, var fengin til að leiða verkefnið og stýrihópur myndaður. Þrír stórir sameiginlegir viðburðir voru haldnir, einn með inngangserindi, annar með fræðslu sniðna að hverju teymi fyrir sig og starfsdagur með Menntabúðum. Einnig voru haldnir smærri fræðslu- og samráðsfundir undir handleiðslu Miðju máls og læsis. Sérkennslustjórar leikskólanna og deildarstjórar sérkennslu fóru saman yfir skimanir sem framkvæmdar eru á starfsstöðvunum og skráðu þær á lista. Einnig var veitt fræðsla fyrir foreldraráð og stjórnir foreldrafélaga hverfisins.

Eitt af markmiðum verkefnisins var að útbúa sameiginlega lestrarstefnu fyrir hverfið. Þar var farin sú leið að skoða lestrarstefnur skólanna og setja saman úr þeim eina sameiginlega hagnýta stefnu. Horft var til Skagafjarðar um uppsetningu en þar hafði verið sett fram myndræn, skýr stefna. Í Grafarholti og Úlfarsárdal var ákveðið að notast við sniðmát sem væri þannig að hægt væri að prenta veggspjöld fyrir hvern aldurshóp.

Stjórnendur

Dalskóla, Fjóssins, Geislabaugis, Ingunnarskóla, Maríuborgar, Reynisholts, Stjórnumlands og Sæmundarskóla.

JÁ, ÞAÐ ER GOTT AÐ LESA

Læsisstefna Grafarholts og Úlfarsárdals
Leikskóli – yngra stig

1,5–3 ára

Markmið

- ▶ Að efla orðaforða og málnotkun
- ▶ Að efla málvitund og tjáningu
- ▶ Að efla hlustun og móðurmál
- ▶ Að efla hljóðvitund
- ▶ Að kveikja áhuga á ritmáli
- ▶ Að efla foreldrasamvinnu
- ▶ Að skrá hlutverkaleik/könnunarleik
- ▶ Að efla læsi í víðum skilningi

Dæmi um leiðir

- ▶ Setja orð á athafnir
- ▶ Ríkulegt málumhverfi
- ▶ Loðtöflusögur
- ▶ Bókalestur
- ▶ Söngur og þulur
- ▶ Segja sögur
- ▶ Lubbi finnur málbein
- ▶ Tákn með tali
- ▶ Mat á málþroska
- ▶ Bækur á mismunandi tungumálum
- ▶ Samvinna við foreldra
- ▶ Heimalestur með foreldrum



Hvað geta foreldrar gert?

- Lesið oft sömu bækurnar og fengið barnið til að benda á hluti í bókinni.
- Horft í augun á barninu þegar þið talið við það.
- Sett orð á það sem þið viljið segja í stað þess að benda.

Lesið
fyrir börnin

Talað
við börnin

Hlustað
á börnin

Þátttaka ykkar og stuðningur getur breytt viðhorfi barns til lesturs!

JÁ, ÞAÐ ER GOTT AÐ LESA

Læsisstefna Grafarholts og Úlfarsárdals
Leikskóli – eldra stig

4–5 ára

Markmið

- ▶ Að efla orðaforða og málnotkun
- ▶ Að efla málvitund og tjáningu
- ▶ Að efla hlustun og móðurmál
- ▶ Að efla hljóðvitund
- ▶ Að efla bókstafaþekkingu og ritun
- ▶ Að efla foreldrasamvinnu
- ▶ Að skrá hlutverkaleik
- ▶ Að efla læsi í víðum skilningi

Dæmi um leiðir

- ▶ Orðahljóðaspil og sögugrunnur
- ▶ Segja sögur eða setja upp leikrit
- ▶ Loðtöflusögur
- ▶ Bókalestur og umræður um bækur
- ▶ Bækur á mismunandi tungumálum
- ▶ Söngur og þulur
- ▶ Lubbi finnur málbein
- ▶ Tákn með tali
- ▶ Nota ritmál í leik
- ▶ Merkja hluti í umhverfinu
- ▶ Merkja verk sín með nafni
- ▶ Mat á málþroska
- ▶ Lærum og leikum með hljóðin
- ▶ Heimalestur með foreldrum
- ▶ Samvinna við foreldra



Hvað geta foreldrar gert?

- Lesið upphátt fyrir barnið og gefið því þar með orðaforða og setningar til að vinna með.
- Talað við barnið um það sem þið hafið gert saman.
- Skipst á að tala og hlusta til að barnið læri samræður.

Lesið
fyrir börnin

Talað
við börnin

Hlustað
á börnin

Þátttaka ykkar og stuðningur getur breytt viðhorfi barns til lesturs!

JÁ, ÞAÐ ER GOTT AÐ LESA

Læsisstefna Grafarholts og Úlfarsárdals

Grunnskóli – yngsta stig

6–7 ára

Markmið

- ▶ Að efla hljóðkerfisvitund
- ▶ Að læra íslensku bókstafina
- ▶ Að geta lesið aldurssvarandi texta
- ▶ Að geta beitt hljóðaðferð og orðaaðferð
- ▶ Að efla máltjáningu
- ▶ Að efla hlustunarfærni
- ▶ Að efla lesskilning
- ▶ Að auka orðaforða
- ▶ Að lesa sér til ánægju
- ▶ Að hlusta á aðra lesa

Dæmi um leiðir

- ▶ Unnið með hljóð og heiti stafa
- ▶ Spil og leikir
- ▶ Félagalestur (PALS)
- ▶ Unnið með orðmyndir
- ▶ Hugtakakort
- ▶ Framsögn og upplestur
- ▶ Gagnvirkur lestur
- ▶ Daglegur heimalestur með foreldrum
- ▶ Lestrarstundir
- ▶ Kennsluforrit og smáforrit
- ▶ Gott aðgengi að bókum og öðru lesefni



Hvað geta foreldrar gert?

- Talað við barnið um tilgang þess að kunna að lesa.
- Kennt barninu ný orð og stuðlað að fjölbreyttum orðaforða þess.
- Borið ábyrgð á því að styðja barnið í lestrarnáminu.

Lesið
fyrir börnin

Talað
við börnin

Hlustað
á börnin

Þátttaka ykkar og stuðningur getur breytt viðhorfi barns til lesturs!

JÁ, ÞAÐ ER GOTT AÐ LESA

Læsisstefna Grafarholts og Úlfarsárdals

Grunnskóli – yngsta stig

8–9 ára

Markmið

- ▶ Að geta lesið fjölbreytta aldurssvarandi texta
- ▶ Að geta beitt hljóðaðferð og orðaaðferð
- ▶ Að auka lestrarhraða
- ▶ Að efla framsögn og taka mið af greinarmerkjum
- ▶ Að efla hlustunarfærni
- ▶ Að lesa einfaldar skýringarmyndir
- ▶ Að efla lesskilning
- ▶ Að auka orðaforða
- ▶ Að nota bókasafn
- ▶ Að lesa sér til ánægju

Dæmi um leiðir

- ▶ Samlestur
- ▶ Félagalestur (PALS)
- ▶ Unnið með orðmyndir
- ▶ Hugtakakort
- ▶ Framsögn og upplestur
- ▶ Virk hlustun
- ▶ Myndlestur
- ▶ Daglegur heimalestur með foreldrum
- ▶ Lestrarstundir
- ▶ Spil, kennsluforrit og smáforrit
- ▶ Heimsóknir á bókasafn
- ▶ Gott aðgengi að bókum og öðru lesefni
- ▶ Notkun hljóðefnis
- ▶ Yndislestur



Hvað geta foreldrar gert?

- Tekið þátt og stutt barnið og þar með breytt viðhorfi þess til lesturs.
- Gefið sér tíma á hverjum degi til að lesa með barninu.
- Gefið sér tíma til að tala við barnið og veitt því óskipta athygli á meðan.

Lesið
fyrir börnin

Talað
við börnin

Hlustað
á börnin

Þátttaka ykkar og stuðningur getur breytt viðhorfi barns til lesturs!

JÁ, ÞAÐ ER GOTT AÐ LESA

Læsisstefna Grafarholts og Úlfarsárdals
Grunnskóli – miðstig

10–12 ára

Markmið

- ▶ Að geta lesið og skilið fjölbreytta aldurssvarandi texta
- ▶ Að auka lestrarhraða
- ▶ Að efla lesskilning
- ▶ Að þjálfva upplestur og túlkun texta
- ▶ Að efla máltjáningu
- ▶ Að þjálfva hlustun
- ▶ Að geta lesið sér til ánægju og fróðleiks
- ▶ Að geta valið sér lesefni við hæfi
- ▶ Að auka orðaforða og efla málskilning

Dæmi um leiðir

- ▶ Samlestur
- ▶ Félagalestur (PALS)
- ▶ Yndislestur
- ▶ Hugtakakort
- ▶ Framsögn og upplestur
- ▶ Myndlestur
- ▶ Daglegur heimalestur
- ▶ Lestrarstundir
- ▶ Spil, kennsluforrit og smáforrit
- ▶ Heimsóknir á bókasafn
- ▶ Gott aðgengi að bókum og öðru lesefni
- ▶ Notkun hljóðefnis
- ▶ Mínútulestur



Hvað geta foreldrar gert?

- Eflt lesskilning með því að spyrja barnið spurninga um leið og lesið er.
- Hjálpað barninu að leita sér þekkingar á því sem það hefur áhuga á.
- Fylgst vel með barninu í námi og tómsundum.

Lesið
fyrir börnin

Talað
við börnin

Hlustað
á börnin

Þátttaka ykkar og stuðningur getur breytt viðhorfi barns til lesturs!

JÁ, ÞAÐ ER GOTT AÐ LESA

Læsisstefna Grafarholts og Úlfarsárdals
Grunnskóli – unglingastig

13–16 ára

Markmið

- ▶ Að geta lesið, skilið og túlkað fjölbreyttan texta og upplýsingar
- ▶ Að geta valið sér lesefni við hæfi
- ▶ Að efla máltjáningu
- ▶ Að þjálfra hlustun
- ▶ Að efla lesskilning
- ▶ Að efla hugtakaskilning
- ▶ Að geta greint aðal- og aukaatriði í texta
- ▶ Að geta lesið sér til ánægju og fróðleiks
- ▶ Að þekkja mismunandi aðferðir lesturs
- ▶ Að lesa texta á skilvirkan og öruggan hátt
- ▶ Að efla læsi í víðum skilningi

Dæmi um leiðir

- ▶ Lestrartímar
- ▶ Vinna með fjölbreyttan texta
- ▶ Gagnvirkur lestur
- ▶ Yndislestur
- ▶ Lestrarsprettir
- ▶ Framsögn og upplestur
- ▶ Daglegur heimalestur
- ▶ Bókakynningar
- ▶ Spil, kennsluforrit og smáforrit
- ▶ Aðgengi að bókasafni
- ▶ Gott aðgengi að bókum og öðru lesefni



Hvað geta foreldrar gert?

- Hvatt barnið til að lesa fjölbreyttan texta á mismunandi formi.
- Verið vakandi fyrir áhugamálum barnsins og hjálpað því að finna lesefni sem vekur áhuga þess.
- Áttað sig á að gott samstarf milli foreldra og skóla getur gert gæfumuninn fyrir þróun mál- og lesskilnings.

Lesið
sjálf

Talað
við börnin

Hlustað
á börnin

Þátttaka ykkar og stuðningur getur breytt viðhorfi barns til lesturs!

JÁ, ÞAÐ ER GOTT AÐ LESA

Læsisstefna Grafarholts og Úlfarsárdals

Leik- og grunnskóli, skimanir og inngríp

2,5 – 10 ára

Matstæki í leikskóla

	Verkfæri	Áhersluþáttur	Tímasetning	Ábyrgð	Íhlutun
Aldur	2,5	PEDS, Brigance	2,5 ára	- heilsugæsla og deildarstjóri	- unnið með þroskaþætti
	3	EFI-2	Haut	- sérkennslustjóri	- íhlutun við hæfi ef þarf
	4	PEDS, Brigance	4 ára	- heilsugæsla og deildarstjóri	- unnið með þroskaþætti
	5	Hljóm 2	Haut	- sérkennslustjóri	- íhlutun við hæfi ef þarf

Matstæki í grunnskóla

	Verkfæri	Áhersluþáttur	Tímasetning	Ábyrgð	Íhlutun
1. bekkur	Lesferill Lesskímun	- bókstafaþekking, málskilningur og hljóðkerfisvitund	október	- umsjónarkennari eða sérkennari	- áhætta 1 - áhætta 2
	Lesferill*	- lesfími	september, janúar og maí	- umsjónarkennari	
2. bekkur	Lesferill*	- lesfími	september, janúar og maí	- umsjónarkennari	- viðmið 1 - viðmið 2 - viðmið 3
	Læsi 1 Læsi 2	- hljóðlestur - orðaforði og lesskilningur	febrúar maí	- umsjónarkennari - sérkennari	
3. bekkur	Lesferill*	- lesfími	september, janúar og maí	- umsjónarkennari	- viðmið 1 - viðmið 2 - viðmið 3
	Orðarún	- lesskilningur	apríl, október–janúar	- umsjónarkennari og sérkennari	- íhlutun við hæfi ef þarf
	LOGOS** þættir 1, 4 og 5	- umskráning, lesfími og lesskilningur	janúar/febrúar	- sérkennari	- ef viðmiðum er ekki náð
4. bekkur	Talnalykill	- talnaskilningur	nóvember	- umsjónarkennari og sérkennari	
	Lesferill*	- lesfími	september, janúar og maí	- umsjónarkennari	- viðmið 1 - viðmið 2 - viðmið 3
	Orðarún	- lesskilningur	apríl, október–janúar	- umsjónarkennari og sérkennari	- íhlutun við hæfi ef þarf
5. bekkur	Samræmd próf	- íslenska og stærðfræði	september	- Menntamála- stofnun	
	Lesferill*	- lesfími	september, janúar og maí	- umsjónarkennari	- viðmið 1 - viðmið 2 - viðmið 3
	Orðarún	- lesskilningur	apríl, október–janúar	- umsjónarkennari og sérkennari	- íhlutun við hæfi ef þarf

* Hliðarpróf Lesferils eru lögð fyrir þá sem ekki ná viðmiði 1 í lesfímiþrófi.

** LOGOS-lestrargreining er lögð fyrir þá nemendur sem eru undir viðmiðum skimunarþátta eftir íhlutun.

Viðmið 1: Viðtæk inngríp

Viðmið 2: Væg inngríp

Viðmið 3: Hváting

JÁ, ÞAÐ ER GOTT AÐ LESA

Læsisstefna Grafarholts og Úlfarsárdals

Grunnskóli, skimanir og inngríp

11–16 ára

Matstæki í grunnskóla

	Verkfæri	Áherslupáttur	Tímasetning	Ábyrgð	Íhlutun
6. bekkur	Lesferill*	- lesfimi	september, janúar og maí	- umsjónarkennari	- viðmið 1 - viðmið 2 - viðmið 3
	Orðarún	- lesskilningur	apríl, október–janúar	- umsjónarkennari og sérkennari	
	LOGOS** þættir 1, 4 og 5	- umskráning, lesfimi og lesskilningur	mars	- sérkennari	- ef viðmiðum er ekki náð
7. bekkur	Lesferill*	- lesfimi	september, janúar og maí	- umsjónarkennari	- viðmið 1 - viðmið 2 - viðmið 3
	Orðarún	- lesskilningur	apríl, október–janúar	- umsjónarkennari og sérkennari	- íhlutun við hæfi ef þarf
	Samræmd próf	- íslenska og stærðfræði	september	- Menntamála- stofnun	
8. bekkur	Lesferill*	- lesfimi	september, janúar og maí	- umsjónarkennari	- viðmið 1 - viðmið 2 - viðmið 3
	Orðarún	- lesskilningur	apríl, október–janúar	- umsjónarkennari og sérkennari	- íhlutun við hæfi ef þarf
9. bekkur	Lesferill*	- lesfimi	september, janúar og maí	- umsjónarkennari	- viðmið 1 - viðmið 2 - viðmið 3
	LOGOS** þættir 1, 4 og 5	- umskráning, lesfimi og lesskilningur	september	- sérkennari	- ef viðmiðum er ekki náð
	Samræmd próf	- íslenska, enska og stærðfræði	mars	- Menntamála- stofnun	
10. bekkur	Lesferill*	- lesfimi	september, janúar og maí	- umsjónarkennari	- viðmið 1 - viðmið 2 - viðmið 3

* Hliðarpróf Lesferills eru lögð fyrir þá sem ekki ná viðmiði 1 í lesfimiþrófi.

** LOGOS-lestrargreining er lögð fyrir þá nemendur sem eru undir viðmiðum skimunarþátta eftir íhlutun.

Viðmið 1: Viðtæk inngríp

Viðmið 2: Væg inngríp

Viðmið 3: Hvatning